



## Heimanámsstefna Grunnskólans í Þorlákshöfn

Megintilgangur heimanáms er að gefa foreldrum tækifæri til að fylgjast með hvernig börnum þeirra gengur að takast á við nám og fylgjast með hvaða viðfangsefni er verið að fjalla um í skólanum. Í aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að foreldrar og forráðamenn beri ábyrgð á uppeldi barna sinna. Þá er lögð áhersla að aðilar skólasamfélagsins vinni vel saman. Einn þáttur þeirrar samvinnu er heimanám.

Markmið heimanáms er að:	Áætlanir og birtingar:	Innihald/skipulag	Hlutverk foreldra er að:	Hlutverk nemenda er að:	Hlutverk kennara er að:
<p>Æfa lestur og auka þannig lestrarfærni.</p> <p>Nemendur þjálfi það sem kennt hefur verið í skólanum og eflí þannig hæfni og getu.</p> <p>Nemendur þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og taki ábyrgð á námi sínu.</p> <p>Vinna upp efni/áætlun sem ekki næst að klára á skólatíma.</p>	<p>Heimanám er skráð í upplýsingakerfið Mentor og/eða sent í tölvupósti til foreldra.</p> <p>Kennrar senda reglulega póst til foreldra með upplýsingum um nám nemenda og útskýra þá verkefni sem vinna á heima.</p> <p>Fyrirvari á að vera varðandi skil á verkefnum þannig að nemendur og foreldrar þeirra geti skipulagt heimanámið</p>	<p>Lestur daglega er megináhersla í heimanámi einkum í 1. -4. bekk. Í 2. - 4. bekk eiga nemendur að vinna verkefni vikulega samhliða heimalestri.</p> <p>Í 5. – 7. bekk er heimalestur einnig meginviðfangsefni heimanáms. Þá fara nemendur heim með áætlanir sem ekki tekst að ljúka á skólatíma.</p> <p>Í 8. -10. bekk lesa nemendur heima 5-7 sinnum í viku. Þeir vinna einnig verkefni heima samkvæmt áætlun í öllum námsgreinum.</p>	<p>Bera ábyrgð á að nemendur sinni heimalestri og heimanámi.</p> <p>Skapa hvetjandi námsumhverfi heima.</p> <p>Aðstoða nemendur við skipulag og sýna inntaki námsins áhuga.</p> <p>Leiðbeina, hvetja og örva nemendur eftir því sem við á hverju sinni.</p>	<p>Skipuleggja heimavinnu með foreldrum.</p> <p>Setja heimanám í forgang og skila því á réttum tíma.</p> <p>Sýna ábyrgð gagnvart skuldbindingum í náminu.</p>	<p>Gefa góðar upplýsingar um heimanám.</p> <p>Sjá til þess að nemendur hafi nauðsynlegar upplýsingar til að geta leyst verkefnin heima og þekki markmið verkefna.</p> <p>Fara yfir heimanám og meta.</p> <p>Hafa samband við foreldra ef þörf er á.</p>